

## 6. Fundur framkvæmdaráðs Vaxtarsamnings Suðurlands og Vestmannaeyja

Haldinn á Hótel Rangá, Rangárþingi ytra, 2. júlí 2007 kl. 09:00

Mætt voru:

Friðrik Pálsson, Elliði Vignisson, Snorri Finnlaugsson og Elvar K. Valsson. Hörður Sigurgestsson og Jóna Sigurbjartsdóttir boðuðu forföll. Einnig mættu starfsmenn Atvinnuþróunarfélags Suðurlands (APS): Róbert Jónsson, Steingerður Hreinsdóttir, Sædís Íva Elíasdóttir og Hrafn Sævaldsson sem ritaði fundargerð

**1. Setning fundar.** Formaður framkvæmdaráðs setti fundinn.

### 2. Staða VSSV:

Róbert kynnti núverandi fjárhags- og verkefnastöðu VSSV. 12 verkefni hafa verið styrkt, þremur umsóknum hefur verið hafnað. Fjöldi umsókna er í vinnslu.

### 3. Verkefni til umsóknar:

- 1. Aukin arðsemi humarveiða :** Sjávarútvegs- og matvælaklasi. Samstarfsverkefni fag- og hagsmunaaðila um humar. Utan um verkefnið hefur skapast öflugur Humarklasi, með fjölmörgum þátttökuaðilum, á Höfn, í Vestmannaeyjum og víðar. Hrafn gerði grein fyrir verkefninu. Umsókn hafði áður verið tekin fyrir á 4. fundi framkvæmdaráðs VSSV. Viðbótargögn hafa borist ráðinu varðandi umsóknina. Sótt er um 5,0 mkr. framlag til þriggja ára. Framkvæmdaráð samþykkir stuðning við verkefnið á 1. ári, samtals 1,4 mkr, auk þess sem ráðið lýsir yfir áhuga á frekari stuðningi við verkefnið í framhaldi af 1. áfangaskýrslu. Framkvæmdaráð telur brýnt að framlag allra samstarfsaðila innan klasans verði skilgreint, auk þess sem það hvetur til formlegrar aðkomu Vaxtarsamnings Austurlands að verkefninu.
- 2. Safnaklasi á Suðurlandi:** Menningar- og ferðaþjónustuklasi. Eflingu samstarfs og sameiginlegrar stefnumótunar safna á Suðurlandi með það fyrir augum að útbúa sameiginlegt kynningarefni fyrir söfn, setur og sýningasali á Suðurlandi og í Vestmannaeyjum. 26 samstarfsaðilar eru í klasanum. Steingerður og Sædís Íva gerðu grein fyrir verkefninu. Sótt er um 2,1 mkr. framlag. Framkvæmdaráð samþykkir umsóknina, enda liggja fyrir nánari verkáætlun, samstarfsyfirlýsing og sundurliðun á framlagi einstakra aðila verkefnisins.
- 3. Ferða- og menningarklasi í uppsveitum Árnassýslu:** Samstarfsverkefni 12 aðila, sem áhuga hafa á að vinna að sameiginlegum verkefnum. Meginmarkmið verkefnisins er að efla starfsemi samstarfsfyrirtækjanna og styrkja ímynd svæðisins. Steingerður gerði grein fyrir verkefninu. Sótt er um 2,1 mkr. framlag. Framkvæmdaráð samþykkir stuðning við verkefnið 1,5 mkr., enda liggja fyrir sundurliðun á framlagi einstakra þátttakenda að verkefninu ásamt samstarfsyfirlýsingu.

#### **4. Klasaráðstefna á Akureyri og klasatorg**

Starfsmenn AÐS, á vegum VSSV, kynntu ferð sem farin var á klasaráðstefnu á Akureyri, dagana 11. – 13. júní 2007. Á vegum samningsins fóru: Hrafn Sævaldsson og Steingerður Hreinsdóttir, Jóna Sigurbjartsdóttir, Ásborg Arnþórsdóttir ferðamálafulltrúi uppsveita Árnessýslu og Páll Marvin Jónsson, forstöðumaður Háskóla Íslands í Vestmannaeyjum en þau koma öll með einum eða öðrum hætti að uppbyggingu klasa á Suðurlandi. Steingerður kynnti framkomnar hugmyndir og vinnu tengda svokölluðu klasatorgi.

Ekki voru fleiri mál tekin fyrir.

Fundi slitið kl. 11:30